

6. maí 2010

## Til allsherjarnefndar alþingis

### Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum

Við erum þeirrar skoðunar að rétt sé og skylt að áfram verði í gildi hjúskaparlög sem nota orðin karl og kona og orðið hjón (karl og konu) eins og verið hefur um langa hríð. Það er upphafleg orðnotkun um hjúskap

Fyrst var gildandi hjúskaparlögum (nr. 31/1993) hnikað til svo að rými skapaðist fyrir lög um staðfesta samvist (nr. 87/1996). Nú er þeim viðhorfum sem fram komu í síðarnefndu lögunum gert enn hærra undir höfði og viðtekin hugtök látin vikja þeirra vegna. Gömlum gildum og orðum sem varða hjúskap karls og konu, og hlutverk föður og móður er nú “ýtt út af borðinu”. Til hvers? Hér er um mismunun að ræða. Okkur finnst þetta vera aðför að okkar lífsskoðunum og þannig gert lítið úr viðhorfum og gildum sem hafa verið við lýði allar götur frá upphafi mannlegrar sögu: Venjan hefur verið að tala um karl og konu og föður og móður í þessu sambandi, ekki einstaklinga eða þaðan af einhverjenn furdulegri tilbúin stofnanahutök sem eru allsendis ónauðsynleg.

Ef löggjafinn vill, í krafti meirihluta alþingis, knýja fram ný hjúskaparlög þar sem ekki er lengur talað um hjónaband karls og konu, heldur sambúð tveggja einstaklinga, þá má minnihlutinn ekkert við því gera. Á hinn bóginn getum við ekki skilið hvers vegna ekki megi mæta viðhorfum beggja hópanna (þeirra sem vilja vera fastheldnir í þessum efnum og hinna fjálslyndari) og hafa tvenn lög um hjúskap. Það ætti ekki að vera neitt vandamál ef vilji er fyrir hendi. Þannig yrði báðum hópum gert jafnt undir höfði. Margvísleg lög um ólíkar gerðir fyrirtækja eru fyrir hendi. Eins mætti hafa ólík lög um mismunandi gerðir fjölskyldna, en ekki steypa öllu saman í ein lög sem aðeins veldur sundrunu og gremju.

Sá grunur læðist að manni að hvatinn að baki þessu nýja lagafrumvarpi sé að einhverju leyti sá að koma höggi á viðtekinn kristinn fjölskylduskilning.

Okkar trú og skilningur er sá að hjúskapur er ekki fyrst og fremst borgaraleg stofnun heldur á hann (hjúskapurinn) upphaf sitt tilskipun Guðs í upphafi (sbr. 1. Mósebók 1. kafli). Sú tilskipun er síðan framkvæmd í mannlegu (borgaralegu) samhengi/þjóðfélagi og verður þá fyrst borgaraleg stofnun, en að eðli til er hún guðleg tilskipun. Þetta er grundvallaratriði. Við fellum okkur því ekki við þá afhelgun sem felst í því að telja hjúskap karls og konu eingöngu borgaralega stofnun, eins og kom fram í kynningarræðu Rögnu Árnadóttur, dóms- og mannréttindaráðherra.

Öll lög verða til vegna ákveðinnar lífsskoðunar og vilja til að hegða sér á einhvern ákveðinn hátt –velja vissa hegðun og framkvæmd umfram aðra. Íslenska lagasetningin hefur upp í gegnum aldirnar tekið mið af kristinni trú og lífsskilningi. Mjög stór hópur Íslendinga vill fylgja þessum viðhorfum. Þeir eiga rétt á því á grunvelli almennra mannréttinda. Lagafrumvarp

Það sem hér er til umræðu fer gróflega gegn þessum kristnu viðhorfum. Þetta finnst okkur í Íslensku Kristskirkjunni bæði óviturlegt og ranglátt bæði gagnvart okkur og þúsundum annarra Íslendinga sem hafa svipuð viðhorf og við. Hér er um augljósa mismunun að ræða sem við mótmælum.

F.h. Safnaðarráðs Íslensku Kristskirkjunnar

Friðrik Schram  
safnaðarprestur

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Friðrik Schram', with a long horizontal flourish extending to the right.